



Skýrsla um

Átaksverkefni 2007-2009

til að stytta biðtíma barna eftir
greiningu og ráðgjöf vegna þroskaraskana

Póra Leósdóttir og Bryndís Halldórsdóttir

Samantekt

Í júlí 2007 hlaut Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sérstaka fjárveitingu að upphæð 147 milljónir sem varið skyldi í átaksverkefni svo vinna mætti á biðlistum stofnunarinnar. Þetta var liður í aðgerðaáætlun páverandi ríkisstjórnar til að bæta aðstæður barna og fjölskyldna hér á landi. Um haustið voru sérfræðingar ráðnir og stofnað sérstakt teymi á Greiningarstöð (Fannborgarteymi) til að vinna í átaksverkefninu. Fjölmargir aðrir starfsmenn komu beint og óbeint að verkefninu sem auk þess hafði traust bakland í stjórnendahópi.

Markhópur Fannborgarteymis voru um 180 börn á grunn- og framhaldsskólaaldri sem beðið höfðu þjónustu í sex mánuði eða lengur og ætla mætti að þyrftu ekki langtímaeftirfylgd eða mjög sérhæfða ráðgjöf. Alls 188 skjólstæðingar fengu þjónustu Fannborgarteymis sem fólst í greiningu, ráðgjöf og afmarkaðri eftirfylgd. Meðalaldur þeirra var 12,3 ár. Frumgreining að baki tilvísun var einhverfurófsröskun í 76% tilvika, málhömlun í 11% tilvika og þroskahömlun í 13% tilvika. Í tíu tilvikum var þjónusta afþökkuð eða athugun ekki lokið.

Átaksverkefnið fól í sér ýmis tækifæri sem voru nýtt til að þróa starfshætti og móta þjónustu við skjólstæðinga á þessum aldri. Verklag við greiningu og ráðgjöf var mótað með áherslu á hagræðingu, sveigjanleika og samstarf við foreldra og þjónustuaðila s.s. sérfræði- og félagsþjónustu sveitarfélaga, skóla og svæðisskrifstofur. Markvisst var stuðlað að stofnun þjónustuteymis kringum hvert og eitt barn þar sem foreldrar voru virkir þátttakendur. Hlutverk teymisins var að mæta þörfum barns og fjölskyldu á vettvangi heimilis, skóla og samfélags og fylgja málum eftir í nærumhverfinu.

Á meðan á átaksverkefninu stóð styttist biðtími skjólstæðinga í þessum aldurshópi verulega eða úr þremur og hálfu ári í tæplega eitt og hálf ár að jafnaði. Á sama tímabili þ.e. 2007-2009 fjölgaði tilvísunum á Greiningarstöð úr 280 í 383. Ljóst er því að stofnunin stendur eftir sem áður frammi fyrir margvíslegum áskorunum sem hún þarf að takast á við í samstarfi við aðrar stofnanir og þjónustuaðila. Mikið er í húfi þar eð langur biðtími eftir ráðgjöf og greiningu vegna þroskaraskana eykur á vanda barns og hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir viðkomandi fjölskyldur og samfélag.

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 4
Undirbúningur og skipulag	bls. 4
Mannauður	bls. 5
Rekstur	bls. 7
Verklag og tilhögun	bls. 7
Tölulegar upplýsingar	bls. 8
Ávinningur og reynsla	bls. 10

Yfirlit yfir töflur og myndir

Tafla 1. Starfsmenn og stöðugildi í kjarnateymi miðað við 1. desember hvert ár	bls. 6
Tafla 2. Starfsheiti og fjöldi sérfræðinga utan kjarnateymis fyrir hvert ár	bls. 6
Tafla 3. Rekstur Fannborgarteymis fyrir hvert ár og samtals. Allar tölur í þús. kr.	bls. 7
Tafla 4. Fjöldi tilvísana í Fannborgarteymi-átaksverkefni árin 2007, 2008 og 2009 eftir frumgreiningu	bls. 8
Tafla 5. Aldursdreifing skjólstæðinga, meðalaldur og spönn	bls. 9
Tafla 6. Fjöldi, frumgreining og kynjaskipting	bls. 9
Tafla 7. Fjöldi og fyrsta greining samkvæmt ICD-10	bls. 10
Mynd 1. Þróun biðtíma í átaksverkefni árin 2007-2009	bls. 10

Inngangur

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) þjónar börnum og unglingum með alvarlegar þroskaraskanir. Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 83/2003, en tilgangur þeirra er m.a. að tryggja „að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar“.

Tilvísunum á Greiningarstöð hafði fjölgað verulega frá árinu 2000 en á þeim tíma voru þær tæplega 200. Árið 2005 voru tilvísanir um 300 talsins. Þrátt fyrir að stofnunin væri eflð og starfsemi endurskipulögð í samvinnu við ráðuneyti, sveitarfélög og heilbrigðisstofnanir hafði ekki reynst unnt að anna síaukinni eftirspurn og biðlistar lengdust. Á fyrsta ársfjórðungi 2007 biðu þannig um 250 skjólstæðingar greiningar og ráðgjafar. Í maí það ár sendi forstöðumaður greinargerð til félagsmálaráðuneytisins um stöðu þessara mála.

Í júlí 2007 tilkynnti þáverandi félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir um sérstaka fjárveitingu til stofnunarinnar þannig að vinna mætti á biðlistum. Þetta var liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar til að bæta aðstæður barna og fjölskyldna hér á landi. Kostnaður var áætlaður 147 milljónir króna sem skyldi varið í átaksverkefni til tveggja ára.

Undirbúningur og skipulag

Undirbúningur hófst þegar í júlí og haustið 2007 var stofnað sérstakt teymi til að vinna að þessu verkefni. Tveimur starfsmönnum var falin verkefnisstjórn og sex sérfræðingar voru ráðnir tímabundið. Auk þeirra var ráðgert að fleiri sérfræðingar kæmu að tilteknum verkþáttum sem voru hluti af þverfaglegum athugunum.

Nauðsynlegt reyndist að útvega viðbótaraðstöðu þar sem húsnæðið að Digranesvegi 5 var þegar að fullu nýtt. Miklu skipti að finna átaksverkefninu stað nálægt annarri starfsemi svo samnýta mætti m.a. móttöku, tölvu- og símakerfi og til að tryggja greiðan aðgang að sérfræðiþekkingu og samstarfi innan stofnunarinnar, s.s. um þjálfun og handleiðslu nýrra starfsmanna og sérhæfðar athuganir. Jarðhæðin að Fannborg 7-9 var tekin á leigu og fékkst hún afhent í október 2008. Áætlað var að átaksverkefninu lyki í desember 2009.

Frá upphafi var gert ráð fyrir að þverfaglegt kjarnateymi (hér eftir nefnt Fannborgarteymi) héldi utan um skipulag einstaklingsmála og sinnti þeim verkþáttum er vörðuðu greiningu og ráðgjöf. Sérhæfðar athuganir væru aðkeyptar og henni sinntu sérfræðingar innan og utan Greiningarstöðvar. Eftirfylgd að lokinni athugun yrði afmörkuð. Litið var svo á að Fannborgarteymið

væri fyrst og fremst verkefnasvið með bakland í fagsviðum og stjórnendahópi stofnunarinnar. Markhópur þess var börn á grunn- og framhaldsskólaaldri sem voru á biðlista og sýnt væri að ekki þyrftu mjög sérhæfða ráðgjöf eða langtímaeftirfylgd. Gera þurfti ráð fyrir því að 8-10 skjólstæðingar kæmu í þverfaglega athugun í hverjum mánuði, ef nást ætti að að vinna á biðlistanum.

Tveir verkefnisstjórar unnu að undirbúningi og framkvæmd verkáætlana. Annar tók þátt í að koma verkefninu af stað fyrstu mánuðina. Hinn var faglegur verkefnisstjóri með mannaforráð sem leiddi verkefnið frá upphafi til enda. Sá hinn sami tók þátt í reglulegum stjórnendafundum, ýmsum verkefnum sem sneru að starfsháttum og stefnumótun í þjónustu, verkefnum með samstarfsaðilum utan stofnunar auk fræðslu á vegum Greiningarstöðvar. Þess utan sinnti hann einstaklingsmálum eftir þörfum. Rekstrarstjóri sá um rekstur, gerð fjárhagsáætlana og hafði umsjón með húsnæði og vinnuaðstöðu allt tímabilið.

Valinn var einn tengiliður við átaksverkefnið frá hverju fagsviði. Verkefnisstjóri átti með þeim reglulega fundi þar sem miðlað var upplýsingum um skjólstæðingsmál og annað sem laut að skipulagi og þjónustuferli. Tengiliðir komu að þjálfun nýrra starfsmanna sértaklega hvað varðaði kynningu og viðveru á fagsviðum.

Verklagsreglur um aukavinnu voru mótaðar í stjórnendahópi og kynntar öllum starfsmönnum á starfsmannafundi. Einnig voru skilgreindir verkþættir og tímaviðmið er náðu yfir athuganir, úrvinnslu og eftirfylgd (sjá fylgiskjal). Faggreinar fengu þær tillögur til umsagnar. Samkvæmt þeim gildi fastur tímafjöldi fyrir einstaka verkþætti. Viðmiðin voru samþykkt í upphafi og endurskoðuð á tímabilinu.

Mannauður

Í kjarnateymi voru sjö starfsmenn. Auk þeirra vann annar verkefnisstjórinn við verkefnið fyrstu sex mánuðina í 50% stöðuhlutfalli, rekstrarstjóri sinnti því að hluta, lækna ritun var 20% auk 15% stöðu ritara. Þessu til viðbótar komu um 22 manns að aðkeyptum verkþáttum á einhverjum tímamarki, ýmist sem verktakar eða í aukavinnu. Langstærstur hluti þeirra voru starfsmenn GRR en þeir tóku á sig mikla aukavinnu í tengslum við átaksverkefnið. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir starfsmenn og stöðuhlutfall í kjarnateymi og í töflu 2 koma fram starfsheiti og fjöldi þeirra sem komu að verkþáttum utan kjarnateymis meðan á átaksverkefninu stóð.

Tafla 1. Starfmenn og stöðugildi í kjarnateymi miðað við 1. desember hvert ár.

Starfsheiti	2007	2008	2009
Verkefnisstjóri 1	0.50		
Verkefnisstjóri 2	0.90	0.90	0.90
Sálfræðingur	2.00	2.00	2.00
Þroskaþjálfari	0.80	1.00	0.90
Iðjuþjálfari	0.90	0.90	
Félagsráðgjafi	0.75	0.75	0.80
Talmeinafræðingur		0.50	0.70
Stöðugildi alls	5.85	6.05	5.30

Tafla 2. Starfsheiti og fjöldi sérfræðinga utan kjarnateymis fyrir hvert ár.

Starfsheiti	2007	2008	2009
Læknir	2	5	3
Sálfræðingur	2	8	8
Þroskaþjálfari	1	1	1
Iðjuþjálfari		2	
Félagsráðgjafi		3	2
Talmeinafræðingur		2	1
Sérkennari	1	1	
Fjöldi alls	6	22	15

Unnar voru þrenns konar starfsþróunaráætlanir sem farið var eftir við ráðningu, móttöku og þjálfun starfsmanna í kjarnateyminu, þ.e. fóstaraáætlun, starfsþjálfunaráætlun og áætlun um verkbundna handleiðslu. Fóstara- og starfsþjálfunaráætlanir tóku yfir um 6 vikna tímabil fyrir hvern starfsmann, en handleiðsla í a.m.k. sex mánuði. Á tímabilinu voru höfð starfsmannasamtöl með starfsmönnum, fyrst að 4-6 mánuðum liðnum og svo aftur ári síðar, þar sem verkefnisstjórar og viðkomandi starfsmaður fóru m.a. yfir hvernig aðlögun og starfsþjálfun hafði gengið svo og aðra hefðbundna þætti sem eru rædd í starfsmannasamtölum. Stuðst var við gátlista og almennar starfslýsingar.

Á tímabilinu sóttu starfsmenn kjarnateymisins ýmis námskeið og ráðstefnur um það sem tengist fötlunum barna, s.s. meðferð, þjálfun og þjónustu. Samanlagt sóttu starfsmenn kjarnateymis 19 námskeið og ráðstefnur sem voru á vegum stofnunarinnar og 20 sem haldin voru af öðrum, alls 356 kennslustundir. Langflest námskeiðin voru sótt á fyrrihluta tímabilsins. Starfsmennirnir tóku auk

þess þátt í starfsháttadögum einhverfusviðs, starfsdögum, málstofum og fræðslufundum stofnunarinnar.

Rekstur

Alls voru veittar 147.000.000 kr. til verkefnisins á tímabilinu, samkvæmt kostnaðaráætlun sem lá til grundvallar. Í töflu 4 má sjá helstu rekstrartölur og hvernig reksturinn dreifðist milli ára. Yfirlitið er ekki tæmandi.

Tafla 3. Rekstur Fannborgarteymis fyrir hvert ár og samtals. Allar tölur í þús.kr.

	2007	2008	2009	Alls
Laun	9.924	38.362	45.852	94.138
Ferðir, fundir og námskeið	83	1.357	818	2.258
Rekstrarvörur	1.712	1.573	1.381	4.666
Aðkeypt vinna	2.858	4.594	5.037	12.489
Húsnæði	3.089	10.303	10.816	24.208
Bifreiðar og vélar	0	0	4	4
Vextir, verðbætur	16	50	48	114
Eignakaup	3.971	713	0	4.684
Samtals	21.653	56.952	63.956	142.561

Verklag og tilhögun

Í upphafi átaksverkefnisins var ákveðið að það skyldi ná til biðlista skjólstæðinga á grunn- og framhaldsskólaaldri enda biðtími þeirra hvað lengstur. Fjöldi barna í þessum aldurshópi sem hafði beðið þjónustu í sex mánuði eða lengur var um 180 börn.

Á reglulegum fundum faglegs verkefnisstjóra og forstöðumanns var farið yfir úrtak mála af biðlista og tekin ákvörðun um hver þeirra skyldu flutt til úrvinnslu í átaksverkefninu. Fyrirliggjandi gögn voru skoðuð og þörfin metin út frá biðtíma, aldri skjólstæðings, eðli tilvísunar, búsetu og öðrum aðstæðum barns og fjölskyldu. Samráð var haft við tengiliði fagsviða. Verkefnisstjóri gerði áætlun fyrir hvern mánuð sem miðaði við að 8-10 skjólstæðingar kæmu í þverfaglega athugun í hverjum mánuði.

Áætlaðir verkþættir vegna viðkomandi skjólstæðings voru skráðir og hvaða sérfræðingar innan kjarnateymis og utan myndu sinna þeim. Verkefnisstjóri úthlutaði einstaklingsmálum og verkum þeim tengdum til tengla sem síðan héldu utan um þjónustuferli hvers og eins. Staða

einstaklingsmála var rædd eftir þörfum á vikulegum fundurm kjarnateymis auk þess sem tenglar gátu ávallt leitað til verkefnisstjóra. Athugunarferlið dreifðist alla jafna yfir þrjár til fjórar vikur og fóll í sér undirbúning, þverfaglega athugun og skil á niðurstöðum. Afmörkuð eftirfylgd í kjölfar greiningar fóllst aðallega í ráðgjöf til foreldra og þjónustuaðila, varðandi teymisvinnu og áherslur í kennslu, þjálfun og þjónustu. Ferli einstaklingsmála var í stórum dráttum eftirfarandi:

1. Tilvísun flutt af biðlista í átaksverkefni, viðeigandi skráning í gagnagrunni.
2. Undirbúningur athugunar, ákvörðun um tímasetningu og tengil.
3. Símtal við foreldri (upplýsingaöflun, ferli kynnt, samráð um skipulag).
4. Áætlun athugunar endurskoðuð og skráð.
5. Drög að dagskrá, verkum úthlutað.
6. Viðbótarupplýsinga aflað.
7. Skipulag og útfærsla í höndum tengils samkvæmt gátlistum.
8. Dreifð athugun, skil teymis og skil til foreldra (viðtal við ungling/fjölskyldu)
9. Skil til þjónustuaðila, þjónustuteymi.
10. Afmörkuð eftirfylgd.

Tölulegar upplýsingar

Alls voru skráð 188 mál til vinnslu í Fannborgarteymi. Af þeim fjölda voru tíu tilvik þar sem foreldrar afþökkuðu eða luku ekki athugun. Frumgreining sem lá að baki tilvísun var einhverfurófsröskun í 76% tilvika, málhömlun í 11% tilvika og þroskahömlun í 13% tilvika. Í töflu 5 má sjá fjölda tilvísana eftir frumgreiningu. Engum skjólstæðingi var vísað í átaksverkefnið með frumgreininguna hreyfi- og skynhömlun.

Tafla 4. Fjöldi tilvísana í Fannborgarteymi- átaksverkefni árin 2007, 2008 og 2009 eftir frumgreiningu.

Frumgreining	2007	2008	2009	Alls
Einhverfurófsröskun	18	62	62	142
Málhömlun	9	12	0	21
Þroskahömlun	9	13	3	25
Hreyfi- og skynhömlun	0	0	0	0
Alls	36	87	65	188

Þar sem skipulagið í Fannborgarteyminu byggðist á dreifðum athugunum var ljóst að það hentaði síður fjölskyldum sem sóttu þjónustuna langt að. Langflestir skjólstæðinganna voru því búsettir á

höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi eða 78%. Um 8% áttu heima á Suðurlandi og 14% í öðrum landshlutum. Eins og áður sagði voru þau börn sem komu til athugunar í Fannborgarteymi öll á grunn- eða framhaldsskólaaldri. Tafla 5 sýnir fjölda og aldursdreifingu hópsins og tafla 7 sýnir fjölda eftir frumgreiningu og kyni. Þar má sjá að drengir voru 145 eða 77% og stúlkur 43 eða 23%.

Tafla 5. Aldursdreifing skjólstæðinga, meðalaldur og spönn.

Ár	Fjöldi	Meðalaldur	Spönn
2007	36	12,2	6,7-20,5
2008	87	13,2	7,9-20,7
2009	65	11,9	7,5-17,8
		12,3	6,7-20,7

Tafla 6. Fjöldi, frumgreining og kynjaskipting.

Frumgreining	Drengir	Stúlkur	Heildarfjöldi
Einhverfurófsröskun	117	25	142
Málhömlun	14	7	21
Þroskahömlun	14	11	25
Alls	145	43	188

Eins og sjá má í töflu 6 hafði langstærstum hluta þeirra barna sem komu til athugana í Fannborgarteymi verið vísað á Greiningarstöð vegna gruns um einhverfurófsröskun. Aðkeyptir verkþættir voru því að stærstum hluta athuganir læknis og sérhæfðar athuganir á einhverfueinkennum. Læknar komu að öllum málum ýmist sem athugendur eða umsagnaraðilar. Alls tíu manns sinntu sérhæfðum athugunum vegna einhverfu yfir tímabilið. Átta voru sérfræðingar af einhverfusviði Greiningarstöðvar, einn úr kjarnateymi átaksverkefnis og einn verktaki utan stofnunar. Fjöldi greiningarviðtala einhverfu (ADI-R) á tímabilinu var 66 og fjöldi beinna athugana á einhverfueinkennum (ADOS) var 139.


Tafla 7 sýnir fjölda og greiningar samkvæmt ICD-10 flokkunarkerfinu. Flokkun miðast við fyrstu greiningu. Af þeim 130 börnum sem greindust með einhverfurófsröskun voru 12 einnig með þroskahömlun. Það sem flokkast undir aðrar greiningar eru m.a. Tourette heilkenni, ofvirkni með athyglisbresti og aðrar raskanir á hegðun og geðbrigðum. Sjá má nokkuð samræmi í þeim fjölda barna sem vísað er vegna gruns um einhverfurófsröskun og þess fjölda sem fær þá greiningu.

Tafla 7. Fjöldi og fyrsta greining samkvæmt ICD-10.

Greining	2007	2008	2009	Samtals
Einhverfurófsröskun	4	55	71	130
Þroskahömlun	2	5	5	12
Tal- og málþroskaraskanir	1	6	1	8
Aðrar greiningar	13	8	7	28
Þjónusta afþökkuð	2	6	2	10
Heildarfjöldi	22	80	86	188

Ávinningur og reynsla

Meginmarkmið átaksverkefnisins var að vinna á biðlistum Greiningarstöðvar. Eins og mynd 1 sýnir þá styttist biðtíminn¹ verulega eða úr þremur og hálfu ári í tæplega eitt og hálf tveggja ári að jafnaði. Sá heildarfjöldi skjólstæðinga sem fékk þjónustu Fannborgarteymis var í samræmi við þann fjölda sem skilgreindur var á biðlista í upphafi þ.e. börn á grunn- og framhaldsskólaaldri. Á sama tíma og átaksverkefnið stóð yfir fjölgaði tilvísunum á Greiningarstöð jafnt og þétt eða úr 280 í 383.



Mynd 1. Þróun biðtíma í átaksverkefni árin 2007-2009, meðaltal hvers tímabils.

¹ Biðtími telst sá tími sem líður frá því að tilvísun berst til Greiningarstöðvar og þar til þverfagleg greining liggur fyrir.

Sá ávinningur sem átaksverkefnið hafði í för með sér var margvíslegur og í upphafi var ljóst að verkefnið sem slíkt fól í sér ýmis tækifæri. Starfsmenn öðluðust mikla reynslu og þekkingu á þörfum unglunga og fjölskyldna þeirra. Starfshættir sem og verklag við greiningu og ráðgjöf var þróað með áherslu á hagræðingu, sveigjanleika og samstarf við foreldra og þjónustuaðila s.s. sérfræði- og félagsþjónustu sveitarfélaga, skóla og svæðisskrifstofur. Það trausta bakland sem verkefnið naut, vilji og áhugi allra starfsmanna GRR skipti einnig miklu máli. Viðbótarhúsnæðið að Fannborg 7-9 nýttist vel fyrir heildarstarfsemina enda hafði stofnunin búið við þröngan húsakost árum saman.

Þjónustuferlið sem unnið var eftir og byggðist á kjarnateymi og aðkomu annarra sérfræðinga eftir þörfum gafst vel þegar á heildina var litið. Grunnskipulagið fólst í dreifðara greiningarferli en áður og það gaf kost á sveigjanleika sem nýttist bæði starfseminni og skjólstæðingum. Ábyrgð sem og hlutverk tengils varðandi einstaklingsmál var vel skilgreint á öllum stigum þ.e. við undirbúning, greiningu og eftirfylgd. Verkferlar og gátlistar voru þróaðir frekar og nýttast áfram á stofnuninni.

Markvisst var stuðlað að samstarfi fagmanna ólíkra stofnana á öðrum þjónustustigum samfélagsins með því að leggja áherslu á mikilvægi teymisvinnu þar sem foreldrar eru virkir þátttakendur. Þannig var komið á fót þjónustuteymi kringum viðkomandi barn, sem fylgdi málum eftir í nærumhverfinu þegar eftirfylgd Greiningarstöðvar sleppti. Í eftirfylgdinni var mikilvægi þess að mæta þörfum barns og fjölskyldu á vettvangi heimilis, skóla og samfélags undirstrikað.

Þeir starfsmenn sem ráðnir voru til átaksverkefnisins í upphafi höfðu ólíka reynslu að baki.

Ávinningurinn af öflugri starfsþjálfun og handleiðslu var ótvíræður og í viðtölum kom fram ánægja hjá starfsmönnum kjarnateymis með það ferli. Miklu skipti að stofnuninni var gert kleift að fastráða hluta þessara starfsmanna þannig að reynsla þeirra og starfskraftar nýttust áfram á GRR.

Það er tvímælalaust reynsla Fannborgarteymisins að því lengri tími sem líður frá tilvísun að þverfaglegri athugun sem leiðir til greiningar, því meiri verður vandinn hjá viðkomandi barni og fjölskyldu. Í mörgum tilvikum hafði vandinn þróað í afar alvarlega átt þar sem skjólstæðingar voru án viðeigandi þjónustu. Sú tilhneiging að bíða með úrræði eftir því að greining hjá GRR lægi fyrir var ríkjandi þrátt fyrir að vandi barnsins blasti við og frumgreiningaraðilar hefðu þegar bent á ýmsar leiðir til lausna. Þekkingu á einhverfurófsröskunum í skólum og félagsþjónustu skorti og sú ráðgjöf og eftirfylgd sem veitt var af kjarnateyminu fólst ekki síst í að fræða og breyta viðhorfum til að auka skilning á vanda barnanna.

Eins og áður sagði fjölgaði tilvísunum á Greiningarstöð umtalsvert á sama tímabili og átaksverkefnið stóð yfir. Það er því ljóst að stofnunin stendur áfram frammi fyrir margvíslegum áskorunum sem hún þarf að takast á við í samhengi við aðrar stofnanir og þjónustuaðila. Mikið er í húfi þar sem langur biðtími eftir ráðgjöf og greiningu eykur á vanda barns og hefur alvarlegar afleiðingar fyrir viðkomandi fjölskyldur og samfélag.